



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Þriðjudagur, 29. maí, 2012

Ákvörðun nr. 11/2012

**Breyting á ákvörðunarorðum í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 19/2010, Yfirtaka Regins ehf. á Fasteignafélagi Íslands ehf.**

**I.**

**Málavextir**

Með bréfi, dags. 25. apríl 2012, var þess farið á leit við Samkeppniseftirlitið að þau skilyrði sem sett voru í ákvörðun nr. 19/2010, *Yfirtaka Regins ehf. á Fasteignafélagi Íslands ehf.*, yrðu annað hvort felld úr gildi eða að þau skilyrði sem sett voru á Regin ehf. (hér eftir Reginn) yrðu færð yfir á Landsbankann hf. (hér eftir Landsbankinn), þannig að á Landsbankanum hvíli sú skylda að selja eignarhlut sinn í Regin fyrir tiltekinn tíma. Í bréfinu voru færð rök fyrir því að þau skilyrði sem sett voru í framangreindri ákvörðun kynnu, í tengslum við fyrirhugað hlutafjárútboð og skráningu Regins í kauphöll, að hafa letjandi áhrif á hugsanlega kaupendur og fæla þá frá kaupum eða stuðla að lágrí verðmyndun félagsins í útboðinu sjálfu og eftir skráninguna vegna hugsanlegrar óvissu sem af málinu leiddi.

Samkeppniseftirlitið hefur átt fundi með forsvarsmönnum Regins og Landsbankans vegna málsins. Á fundi þann 30. apríl 2012 kynnti Samkeppniseftirlitið tillögu að lausn að málinu sem fólst í því að tekin yrði ný ákvörðun þar sem þau skilyrði sem sett voru á Regin varðandi sölufrest á hlut í Fasteignafélagi Íslands ehf. yrðu færð yfir á Landsbankann. Þannig myndi sá sölufrestur sem settur var á Regin að selja framangreind félög færast yfir á Landsbankann sem þá yrði bundinn því skilyrði að selja sinn hlut í Regin fyrir tiltekinn tíma.

Aðilar málsins hafa fallist á þessa niðurstöðu.

**II. Niðurstaða**

Líkt og fram hefur komið hafa Reginn og Landsbankinn óskað eftir því að Samkeppniseftirlitið endurskoði ákvæði sáttar þeirrar sem hér er til umræðu. Samkeppniseftirlitið hefur talsvert fjallað um eignarhald banka á fyrirtækjum í skýrslum



sínum eftir hrun, núna síðast í skýrslu eftirlitsins nr. 3/2012, *Endurreisn fyrirtækja 2012*. Líkt og fram hefur komið í þessum skýrslum telur Samkeppniseftirlitið mikilvægt að stuðla að því að bankar selji frá sér yfirtekin fyrirtæki og er meðvitað um mikilvægi þess að sölufjerli bankanna gangi hratt og örugglega fyrir sig. Á hinn bóginn er einnig mikilvægt að bankar fylgi eftir þeim sáttum sem gerðar hafa verið vegna yfirtekinna fyrirtækja og hefur mikið verið lagt upp úr eftirfylgni vegna þessara sátta hjá Samkeppniseftirlitinu eftir hrun.

Samkeppniseftirlitið telur skráningu félaga í kauphöll mikilvæga. Í skýrslu nr. 3/2012 segir: „Opið og gagnsætt sölufjerli er æskileg leið við sölu bankanna á fyrirtækjum sem þeir hafa tekið yfir. Það leiðir til aukins jafnræðis meðal aðila sem kynnu að vilja kaupa hlut í fyrirtækjunum. Þá er skráning í kauphöll í tengslum við útboðin jákvæð m.a. vegna þess að skráningin felur í sér ríka fjárfestavernd og aukið gagnsæi. Þannig er bönkum kleift að leita eftir þátttöku fleiri fjárfesta heldur en ella. Kaup lífeyrissjóða á hlutum í fyrirtækjum eru t.a.m. einfölduð með skráningu enda eru ákveðnar takmarkanir á fjárfestingu lífeyrissjóða í óskráðum hlutabréfum. Þá er þátttaka almennra fjárfesta möguleg en lögum samkvæmt njóta þeir mestrar verndar. Ríkari flóra fyrirtækja í kauphöllinni fjölgar fjárfestingarvalkostum almennings og styður, við eðlilegar kringumstæður, undir eðlilega markaðsverðmyndun á hlutabréfum.“

Með tilliti til þess sem þegar hefur komið fram hefur Samkeppniseftirlitið ákveðið að taka til endurskoðunar ákvæði ákvarðanar þeirrar sem rædd hefur verið í ákvörðun þessari og byggja á sátt. Þannig telur Samkeppniseftirlitið forsendur til þess að breyta gr. 1.1 í ákvörðunarorðum ákvörðunar nr. 19/2010. Að öðru leyti eru ákvörðunarorð framangreindrar ákvörðunar óbreytt.

### III.

#### Ákvörðunarorð:

**Ákvæðum 1. gr. ákvörðunarorða Samkeppniseftirlitsins í ákvörðun nr. 19/2010, *Yfirtaka Regins ehf. á Fasteignafélagi Íslands ehf.*, er breytt þannig:**

#### 1.

#### Söluskylda

#### 1.1

#### Frestur til sölu

**Landsbankinn skal selja eignarhlut sinn í Regin eins fljótt og verða má og eigi síðar en [...]<sup>1</sup>**

**Samkeppniseftirlitið getur framlegt sölufrest skv. 1. mgr. sæki Landsbankinn um það. Í umsókn um framlengingu sölufrests skal rökstutt hvaða atvik hindra sölu.**

---

<sup>1</sup> Fellt út vegna trúnaðar



Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson